



Í kröppum dansi

Yfirskrift ráðstefnunnar var Fjölmiðlar og kynþáttadómur og umræðuáhrif trústállegur útverk ósskur fjölmiðlaþróun- ingarinn fjölmiðlaþróun- anna inn á að ölmíminærri að eigi gegla samfanga og tryggja önnur fjölmiðlum og minni fjölmiðlum og gæla hátt undir höft og öðrum samfanga- höpum. Á þessum á að fjölmiðlar gegnu aðaldráttverki gagnvart stjórnmálum fyrir og innflyfjenda eins og áhvarra samfélagshópa þótt radlir þeirra væru ekki eins há-

- **Blaðamanna- verðlaun 2008**
- **Rök dómnefndar**
- **Myndir meira en skraut og litur**



Verðlauna- myndirnar 2008

-Tjóningarfrelsi er ekki frekar en önnur frelsisréttindin. Þannig segir dómstóllinn í þessum sama dómi að fyrirmæli um að hvernig hver sé heimildarmaður á frásögnum gegn 10. grein Mannréttindasáttmála Evrópu nema önnur veigar áttíðna þá eigi við. Slíkar takmarkanir kalli þó á mjög gæmgafilega athugun. Þú bruggðust – hvað svo? Í Goodwin málinu taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn sáttmáls. Málavextir voru þeir að William Goodwin,

- **Frönsk stjórnvöld styðja fjölmiðla**
- **Fjölmiðlar brugðust – hvað svo?**
- **Félagatal**



EFNI BLAÐSINS



Blaðamannaverðlaun

- 4** Tilnefningar dómnefndar:
Blaðamannaverðlaun 2008
- 5** Rök dómnefndar blaðamanna-
verðlauna 2008
- 6** Ávarp formanns dómnefndar

Verðlaunamyndir

- 7** Verðlaunamyndirnar 2007
- 13** Sigurður Bogi Sævarsson:
Myndir meira en skraut og litur
– Viðtal við verðlaunahafa bestu
umfjöllunar 2008

Umræðan

- 16** Ásgeir Ásgeirsson:
Franska ríkið beitir sér á fjölmiðlamarkaði
- 16** Björg Eva Erlendsdóttir:
Fjölmiðlar brugðust – og hvað svo?
- 16** Birgir Guðmundsson:
Fjölmiðlaframtíðin og tiltrú blaðamanna

Félagið

- 26** Arna Schram:
Nýstárleg túlkun á prentlögum
- 29** Félagatal

Útgefandi: Blaðamannfélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Birgir Guðmundsson (birgirg@unak.is).

Útlitshönnun: Ásprent

Prentun: Ásprent

Skrifstofa Blaðamannafélagsins

er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155

Bréfsími 553-9177

Netfang **bi@press.is**

Heimasíða BÍ **www.press.is**

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9.15-16.30.

Starfsmenn BÍ eru Hjálmar Jónsson, framkvæmdastjóri og Svanhildur Karlsdóttir, bókarí.



Forsíðumyndin

Blaðamenn, ljósmyndarar og tókumenn lentu oft í kröppum dansi í mótæmum búsáaldabyltingarinnar. Ásakanir voru uppi um vísitandi ofbeldi lögreglunnar gegn fjölmiðlamönnum. Þessi forsíðumynd Þorvaldar Arnar Kristmundssonar rennir stoðum undir slíkar kenningar.

Það vantar fjölmiðlastefnu

Í löndunum í kringum okkur skoða stjórnvöld nú hvernig unnt sé að tryggja fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum á tímum efnahagskreppu og samdráttar. Það er gert á grundvelli þess meginskilnings að fjölmiðlar gegni mikilvægu hlutverki í lýðræðisskipulaginu og að virkt og öflugt lýðræði sé sé aldrei mikilvægara en á krepputímum. Reynslan af kreppunni miklu er mikilvæg í þessu sambandi og í dag þykja það viðtekin sannindi að það skipti ekki minna máli að styrkja meginstoðir lýðræðisins á erfiðleikatímabilum en að bregðast við áföllum í hagkerfinu eða peningakerfinu. Það er hin almenna lýðræðislega skylda borgaranna að taka upplýstar ákvarðanir í kosningum og þannig ráða því í raun hvernig samfélaginu er stjórnað. Fjölmiðlarnir hafa þannig valdeflandi hlutverk gagnvart borgurunum, þeir eru upplýsingakerfi lýðræðisins og veita samhliða valdhöfum hvers konar aðhald.

Í okkar samfélagi hefur þetta mikilvæga upplýsingakerfi að stórum hluta verið einkavætt og fjölmiðlarnir eru reknir sem hver önnur fyrirtæki á markaði. Það er hefur vissulega marga kosti, en í því felast ýmsar hættur líka, hættur sem í dag kunna að vera að verða sýnilegri en oft áður. Vegna þess að fjölmiðlar eru félög í rekstri á markaði rétt eins og hver önnur fyrirtæki getur markaðsbrestur haft veruleg áhrif og truflað og jafnvel komið í veg fyrir eðlilega lýðræðislega umræðu. Þetta eru síður en svo ný sannindi, enda hefur umræðu um ramma og reglur fyrir fjölmiðlaumhverfið skotið upp með reglulegu millibili.

Hér á Íslandi hefur þessi umræða þó einkum komið upp í tengslum við samþjöppun eignarhalds og þegar menn telja að tilteknir fjölmiðlar séu hættulega sterkir. Eðli málsins samkvæmt hefur kastljósið þá beinst að stóru landsdekkandi miðlunum. Héraðsblaðaflóran sem að stórum hluta hefur barist í bökkum þrátt fyrir gríðarlega mikilvægt samfélagslegt hlutverk sitt, hefur ekki vakið áhuga stjórnmalamanna. Nú hins vegar berjast allir miðlar í bökkum, jafnt héraðsfréttablöðin sem stóru miðlarnir og því er kannski von til þess að stjórnmalin takist á við spurninguna um fjölmiðlastefnu. Ætla stjórnvöld að setja fjölmiðlarekstri í landinu einhvern ramma umfram það sem gerist og gengur í almennum fyrirtækjarekstri? Slík skerf hafa nú verið stigin sem svar við kreppunni í ýmsum Evrópulöndum síðustu vikur og mánuði. Noregur er að yfirfara sitt öflugt styrkja- og reglakerfi gagnvart fjölmiðlum og mun íhuga að bæta heldur við en draga úr. Sama er að segja um Þýskaland. Hér í blaðinu er rækilega farið yfir hvernig Frakkar eru að bregðast við og hvernig hægri maðurinn Sarkozy stendur fyrir beinum ríkisafskiptum á fjölmiðlamarkaði. Franska leiðin hefur bæði kosti og galla eins og gengur, en hitt er ljóst að íslensk stjórnmal geta sótt þangað hugmyndir og innblástur og að lágmarki áttað sig á að hægt er að hafa áhrif á fjölmiðlamarkað á fleiri vegu en með takmörkunum á eignarhaldi einni saman.

Upplýsingakerfi lýðræðisins á Íslandi er á efnahagslegum brauðfótum nú um stundir og fjöldauppsagnir blaðamanna og samdráttur á öllum sviðum hefur gert spurninguna um fjölmiðlastefnu stjórnvalda enn brýnni en áður. Ætla ríkisvaldið að koma að fjölmiðlamarkaði og reyna að tryggja fjölbreytni og fjölræði? Ef svo, hvernig á að gera það? Þessum og fleiri ámóta spurningum þurfa stjórnmalamenn að svara þannig að ljóst verði hvert stefni að kosningum loknum. Ívilnanir til fjölmiðlafyrirtækja, opinber stuðningur af einhverju tagi og jafnvel beinir blaðstyrkir hljóta að vera meðal þess sem kemur til greina að skoða. Blaðstyrkir fengu á sig óorð sérhagsmunasjónarmiða og gæðingapots í tíð gömlum flokksblaðanna, en fráleitt er að láta slíkt hafa áhrif á sjónarmið dagsins í dag. Nágrannalöndin geta gefið okkur tóninn varðandi þá möguleika sem eru fyrir hendi og af þeim sökum er sérstaklega áhugavert að horfa til Frakklands, en þar er verið að framkvæma fjölmiðlastefnu sem vekur athygli.

Birgir Guðmundsson

Stjórn BÍ:

Arna Schram, formaður
Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, varaformaður
Sigurður Már Jónsson, ritari
Sólveig Bergmann
Svavar Halldórsson
Elva Björk Sverrisdóttir
Svanborg Sigmarisdóttir

Varamenn:

Albert Örn Eypórsson
Óli Kristján Ármannsson
Þorvaldur Örn Kristmundsson

Samningaráð:

Arna Schram, Þóra Kristín Ásgeirsdóttir,
Guðni Einarsson, Lilly Valgerður Pétursdóttir,
Svanborg Sigmarisdóttir, Klemens Ólafur Prastarson,
og Þorvaldur Ö. Kristmundsson

Varamenn:

Kolbeinn Þorsteinsson, Friða Björnsdóttir
og Lára Ómarsdóttir

Dómnefnd Blaðamannaverðlauna:

Birgir Guðmundsson formaður, Kristín Þorsteinsdóttir,
Jóhannes Tómasson, Lúdvík Geirsson,
og Sigríður Árnadóttir

Stjórn Styrktarsjóds:

Hjálmar Jónsson, Arndís Þorgeirsdóttir,
Lilly Valgerður Pétursdóttir

Varamenn:

Friða Björnsdóttir, Guðni Einarsson,
Eiríkur St. Eiríksson

Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum

Morgunblaðið:

Guðni Einarsson, Kristín Heiða Kristinsdóttir
og Silja Björk Hulduadóttir

Fréttablaðið:

Klemens Ólafur Prastarson

Birtingur/DV:

Kolbeinn Þorsteinsson

Stöð 2 og Vísir:

Lilly Valgerður Pétursdóttir og
Gunnar Reynir Valþórsson

Orlofs- og menningarsjóður:

Friða Björnsdóttir, formaður
Hilmar Karlsson, varaformaður
Lúdvík Geirsson, ritari

Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson

Endurskoðendur:

Sigtryggur Sigtryggsson
Sigurður Hreiðar Hreiðarsson

Siðanefnd:

Kristinn Hallgrímsson, lögm., formaður
Hjörtur Gíslason, blm., varaformaður
Sigurveig Jónsdóttir, fyrrv. fréttastjóri
Björn Vignir Sigurpálsson, fulltrúi útgefenda
Salvör Nordal, fulltrúi Siðanefndar H.Í.

Varamenn eru:

Jóhannes Tómasson
Valgerður Jóhannsdóttir
Þór Jónsson



Blaðamanna verðlaun 2008

Tilnefningar dómnefndar

Dómnefnd valdi úr þrjú tilnefningar í hverjum flokki verðlaunanna og kynnti þetta val sitt í samræmi við reglugerð um verðlaunin viku áður en sjálf verðlaunin voru afhent. Tilnefningar í flokkunum þremur voru eftirfarandi:

Blaðamannaverðlaun ársins 2008

Jóhann Hauksson, DV, fyrir fréttaskrif og umfjöllun um mikilvæg þjóðfélagsmál sem báru vitni um mikil tengsl, reynslu og skilning, og voru iðulega fyrstu fréttum af málum. Dæmi um slíkt voru skrif Jóhanns um samkomulag íslenskra stjórnvalda og Alþjóða gjaldeyrissjóðsins.

Sigrún Davíðsdóttir, RÚV-Spegillinn, fyrir pistla þar sem nýjum hliðum á fjölmörgum málum – m.a. í tengslum við bankahrunið og áhrif þess erlendis – var velt upp og þau sett í nýtt og upplýsandi samhengi.

Póra Kristín Ásgeirsdóttir, mbl.is, fyrir vandaðar fréttir á mbl.is þar sem hún nálgast frumlega málefni liðandi stundar og netmiðillinn var nýttur með nýjum hætti í íslenski fjölmiðlum.

Rannsóknarblaðamennska ársins 2008

Atli Már Gylfason og Trausti Hafsteinsson, DV, fyrir ítarlega og afhjúpanði umfjöllun um kynþáttafordóma meðal ungs fólks á Suðurnesjum og margvísleg áhrif þeirra.

Brynjólfur Þór Guðmundsson og Erla Hlynsdóttir, DV, fyrir ítarleg og samfelld skrif og greiningu á eftirlaunum ráðamanna og áhrifum eftirlaunafrumvarpsins.

Sigurjón M. Egilsson, Mannlíf og Bylgjan, fyrir vandaðar og ítarlegar greinar um íslenskt efnahagsástand í Mannlífi, þar sem mál voru krufin með ítarlegri hætti en títt er í íslenskum fjölmiðlum. Samhliða stýrði Sigurjón útvarspætti á Bylgjunni, þar sem íslensk þjóðmál voru í brennidepli.

Besta umfjöllun ársins 2008

Baldur Arnarson, Morgunblaðið, fyrir greinaflokkinn Ný staða í norðri, þar sem farið var yfir þær náttúrufarslegu, efnahagslegu, félagslegu og pólitísku breytingar, sem hlýnun andrúmslofts og breytt staða á norðurslóðum hefur í för með sér.

Brjánn Jónasson, Fréttablaðið, fyrir upplýsandi og vel fram sett skrif um framboð Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, þar sem fjallað var um málið og aðdraganda þess.

Ragnar Axelsson og Öundur Páll Ragnarsson, Morgunblaðið, fyrir umfjöllun um virkjunarkosti á Íslandi. Þar voru dregnir fram með öflugri samvinnu texta og mynda kostir og gallar hvers virkjunarkosts um sig og málið sett í skipulagt samhengi.



Frá afhendingu verðlauna fyrir bestu blaðaljósmyndirnar í Gerðarsafni í mars. Að þessu sinni voru verðlaun fyrir myndir ársins 2008 ekki veitt sama dag og Blaðamannaverðlaunin.

Rök dómnefndar Blaðamannaverðlauna 2008

Blaðamannaverðlaun Blaðamannafélags Íslands voru afhent í Þingholti á Hótel Holti þann 21. febrúar. Þeir sem hlutu verðlaunin í ár voru þessir: Blaðamannaverðlaun 2008 komu í hlut Þóra Kristínar Ásgeirsdóttur; Rannsóknarblaðamennska ársins 2008 kom í hlut Sigurjóns M. Egilssonar; og Besta umfjöllun ársins kom í hlut Ragnars Axelssonar og Önundar Páls Ragnarssonar.

Rök dómnefndar fyrir verðlaunaveitingunni voru sem hér segir:

Rannsóknarblaðamennska ársins 2008

Sigurjón M. Egilsson, Mannlífi og Bylgjunn, fyrir vandaðar og ítarlegar greinar um íslenskt efnahagsástand í Mannlífi, þar sem mál voru krufin með ítarlegri hætti en títt er í íslenskum fjölmiðlum. Samhliða stýrði Sigurjón útvarspætti á Bylgjunn, þar sem íslensk þjóðmál voru í brennidepli.

Umfjöllun Sigurjóns M. Egilssonar í Mannlífi um íslensk efnahagsmál vakti talsverða athygli strax á fyrri hluta ársins 2008 fyrir þær grundvallarspurningar sem þar voru rannsakaðar og leitað svara við, m.a. varðandi bankakerfið og peningamálastefnu stjórnvalda. Umfjöllunin er þó ekki síður athyglisverð í ljósi þess sem síðar gerðist, enda var þar með ítarlegum og gagnrýnum hætti farið inn á fjölmarga þætti sem ótvírætt eru mikilvægir orsakavaldar í bankahruninu mikla. Í greinaflokkum sínum kafaði Sigurjón ofan í málin og dró fram sjónarmið fjölda fólks, stjórnmalamanna, sérfræðinga og hagsmunaaðila og greindi hver áhrifin voru af efnahags- og peningastefnunni og hverjar hættur voru yfirvofandi. Til viðbótar skrifum um þessi mál í Mannlífi tók Sigurjón ýmsa þætti þessarar umfjöllunar upp á vettvangi útvarpsþáttarins Sprengisands á Bylgjunn, sem hann hefur séð um.

Besta umfjöllun ársins 2008

Ragnar Axelsson og Önundur Páll Ragnarsson, Morgunblaðinu, fyrir umfjöllun um virkjunarkosti á Íslandi. Þar voru dregin fram með öflugri samtvinnun texta og mynda kostir og gallar hvers virkjunarkosts um sig og málið sett í skipulagt samhengi.

Umræðan um virkjanakosti á Íslandi er viðvarandi og mikilvæg. Sérstaklega er mikilvægt fyrir almenning að geta með heildstæðum hætti vegið og metið hvaða möguleikar eru fyrir hendi. Í þessu sambandi þarf að koma til skila bæði sjónrænum upplýsingum sem tengjast náttúrunni og gildi hennar og rökrænum upplýsingum sem tengjast hagsmunum og hagsmunum. Slíkt verkefni krefst náinnar samvinnu blaðamanns og ljósmyndara, en líkt og svo víða í heiminum hefur slíkt samstarf oft mátt vera betra og meira

á íslenskum ritstjórnnum. Í greinaflokki sínum sýndu þeir Ragnar Axelsson, ljósmyndari og Önundur Páll Ragnarsson blaðamaður hins vegar hvernig samvinna ljósmynda og texta getur framkallað umfjöllun sem er í sérflokki.

Blaðamannaverðlaun ársins 2008

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, mbl.is, fyrir vandaðar fréttir á mbl.is þar sem hún nálgast frumlega málefni líðandi stundar og netmiðillinn var nýttur með nýjum hætti í íslenskri fjölmiðlun.

Fjölmiðlun á Íslandi líkt og annars staðar í heiminum stendur frammi fyrir miklum tækniþvingningum og nýjar fjölmiðlagáttir hafa verið að ryða sér til rúms. Þar eru netmiðlarnir mikilvægastir. Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, sem er margreynd í hefðbundnum prent- og ljósvakamiðlum, hefur með fréttum sínum og innslögum á netmiðlinum mbl.is sýnt og sannað að hin sígildu grundvallaratriði góðrar blaðamennsku eru óháð tegund fjölmiðils. Þegar slík fagleg blaðamennska brýtur undir sig nýja tækni og ný form fjölmiðlunar eins og tekist hefur hjá Þóru Kristínu, er óhjákvæmilega eftir því tekið. Þóra hefur í efnistöku sýnt hugkvæmni og góða dómgreind sem iðulega hefur orðið til þess að hún er fyrst með fréttir eða varpar fram nýjum en mikilvægum hliðum á fréttafni líðandi stundar. Þetta kom berlega fram í málum sem vörðuðu bankahrunið á seinni hluta ársins, en þar bættu fréttir mbl.is iðulega miklu við fréttir hefðbundnari miðla eða ruddu jafnvel brautina fyrir umfjöllun þeirra.



Handhafar Blaðamannaverðlauna árið 2008, f.v. Öundur Páll Ragnarsson Morgunblaðinu, Þóra Kristín Ásgeirsdóttir mbl.is og Sigurjón M. Egilsson Mannlífi og Bylgjunn. Á myndina vantar Ragnar Axelsson.
Ljósmynd: Gollí



Ávarp formanns dómnefndar

Hér á eftir fer ávarp Birgis Guðmundssonar, formanns dómnefndar blaðamannaverðlaunanna, við afhendingu verðlaunanna þann 21. febrúar síðastliðinn. Auk Birgis voru í dómnefnd þau Jóhannes Tómasson, Kristín Þorsteinsdóttir, Lúðvík Geirsson og Sigríður Árnadóttir.

Ágætu félagar.

Blaðamannaverðlaunin eru nú afhent í sjötta sinn og er það gert við mjög sérstakar kringumstæður á fjölmiðlamarkaði. Mikil óvissa ríkir um afkomu og efnahagslega stöðu flestra fjölmiðla sem að sjálfsögðu þýðir jafnframt óvissu um stöðu blaðamanna og blaðamannastéttarinnar. Á slíkum tímum er mannlegt að rekstur og markaðsstaða miðlanna sé okkur ofarlega í huga, að atvinnuöryggi og afkoma sé framar á dagskrá hversdagsins en hugsjónir um faglega og vandaða blaðamennsku. Þá má einnig búast við að þrýstingur á blaðamenn um að gefa afslátt af ítrustu faglegu kröfum geti aukist; að blaðamenn taki að sér fleiri mál yfir daginn og geti því ekki sinnt hverju um sig þannig að þeir séu sjálfir sáttir; að rekstrarvandinn verði notaður gegn sjálfstæði gagnvart eigendum eða auglýsendum; nú eða að nausyn á markaðs sókn verði notuð sem röksemd fyrir því að auka enn á skemmtanavæðingu og léttmeti á kotnað þyngra efnis og gagnrýnna. Allt eru þetta tilhneigingar sem við þekkjum nú þegar, en eru líklegar til að magnast til mikilla muna þegar sverfur að hjá fjölmiðlafyrirtækjunum. Því er óhætt að segja að blaðamannaverðlaunin hafi aldrei verið mikilvægari en einmitt núna, því yfirlýst hlutverk þeirra er að benda á það sem vel er gert og minna okkur sem fagstétt á þau fyrirheit og þær skyldur sem við höfum gagnvart almenningi. Þau voru

tekin upp af Blaðamannafélaginu sem sameiginlegt tæki okkar til að efla faglega vitund og metnað og það hafa þau vissulega gert. Auðvitað hafa einstaka verðlaunaveitingar verið umdeildar og eiga eflaust eftir að vera það, bæði í dag og framvegis. Hins vegar held ég að þær efasemdaraddir sem uppi voru í byrjun um gildi verðlaunanna hafi að mestu eða alveg þagnað.

Frá því að verðlaunin voru fyrst veitt og til dagsins í dag hafa um fimm tugir blaðamanna fengið tilnefningu til verðlauna, stundum hefur einn blaðamaður verið tilnefndur fyrir tiltekið efni og stundum tveir eða fleiri. Í heildina hafa fleiri karlar verið tilnefndir en konur, eða 34 karlar á móti 25 konum. Efni úr prentmiðlum hefur oftast verið tilnefnt eða 36 sinnum en 16 sinnum hefur efni úr ljósvakamiðlum verið tilnefnt og í ár er í fyrsta sinn tilnefnt fyrir efni á netmiðli. Morgunblaðið hefur fengið flestar tilnefningar eða 15 en RÚV og Fréttablaðið koma þar á eftir með 10 og DV og Stöð 2 með 5 tilnefningar. Aðrir hafa fengið færri. Hugsanlega má rekja þessa skiptingu á tilnefningum með einhverjum hætti til forms og eðlis verðlaunanna og verðlaunaflokkanna sem kannski henta sumum tegundum fjölmiðla betur en öðrum. En engu að síður er dreifingin merkilega mikil. Þetta hlýtur hins vegar að koma til álita þegar menn setjast niður og skoða reynsluna af verðlaununum og velta fyrir sér hvort breyta þurfi eða bæta við flokkum verðlauna.

Ég hef vísitandi talað sérstaklega um tilnefningarnar frekar en sjálfa verðlaunahafana. Það er vegna þess að tilnefningarnar gefa e.t.v. betri mynd af því sem raunverulega hefur verið að gerast – í tilnefningunni sjálfri

felst mikil viðurkenning og oft hefur það verið lítið sem skilur á milli þeirra sem hreppa verðlaunin sjálf og hinna sem tilnefndir hafa verið í sama flokki.

Á annað hundrað tilnefninga bárust dómnefnd í ár, sem er heldur meira en stundum áður. Það var ánægjulegt ekki síst vegna þess að í kjölfar fjármálakreppu og bankahruns hafa íslenskir blaðamenn og fjölmiðlar sætt talsverðri gagnrýni. Þeir hafi brugðist og ekki staðaðið vaktina með nægjanlega ákveðnum hætti og varað við því sem var í farvatninu. Eftir að hafa farið yfir umfangsmikla umfjöllun margra fjölmiðla um efnahagshrunið – bæði fyrir það og eftir – held ég raunar að slík gagnrýni sé langt frá því að vera sanngjörn. Fjölmiðlar fjölluðu bæði mikið og ítarlega um hvað var að gerast, og þó eitthvað hafi sjálfsagt verið um að fjölmiðlar hafi gagnrýnislaut verið í klappliði útrásarinnar þá var það alls ekki reglan. En auðvitað kalla atburðir undangenginna mánaða á sjálfskoðun hjá blaðamönnum og fjölmiðlum eins og öðrum.

Tilnefningar dómnefndar til Blaðamannaverðlauna fyrir 2008 voru kunngerðar sl. laugardag, en það eru þrjár tilnefningar í hverjum flokki, eins og reglugerð verðlaunanna gerir ráð fyrir. Ég vil nú biðja samstarfsmenn mína í dómnefndinni, að koma hér upp og aðstoða mig við að tilkynna um verðlaunahafana.

Verðlaunaflokkarnir eru allir jafngildir og munum við afhenda verðlaunin í þeirri röð sem þau eru tilgreind í reglugerðinni um verðlaunin: fyrst Rannsóknarblaðamennska ársins 2008, þá Besta umfjöllun ársins 2008 og loks Blaðamannaverðlaunin 2008.



Verðlaunamyndirnar 2008



Mynd ársins



Ljósmyndari:

Kristinn Ingvarsson

Mynd ársins sýnir Lárus Welding, þáverandi forstjóra Glitnis og Davíð Oddsson þáverandi formann Seðlabankastjórnar á blaðamannafundi í Seðlabankanum. Þar var tilkynnt að ríkið hefði keypt 75% hlut í bankanum.



Álit dómnefndar:

Að mati dómnefndar stendur þessi mynd upp úr bæði hvað varðar fréttagildi og fagurfræði. Notkun á dramatískri lýsingu, vel hugsaður rammi og hárrétt augnablik gera þessa mynd að Mynd ársins 2008. Myndin er einnig hluti af Myndaröð ársins.



Fréttamynd ársins



23. apríl markaði ákveðin þáttaskil í mótmælasögu landsins. Þá heyrðist hrópið „GAS GAS!“ í fyrsta sinn á árinu þegar lögreglan beitti piparúða til að leysa upp mótmæli vörubílstjóra við bensínstöð Olís við Suðurlandsveg.



Álit dómnefndar:

Fréttamynd ársins gerir einstaklega vel grein fyrir þessum atburði. Spennuþrungin myndbygging þar sem miðju-punkturinn er rauður gasbrúsinn og öskrandi lögreglan. Í bakgrunni má sjá baráttu lögreglu og mótmælenda.

Ljósmyndari:

Pjetur Sigurðsson

Þjóðlegasta mynd ársins

Ljósmyndari:

Guðmundur Rúnar
Guðmundsson



Álit dómnefndar:

Myndin, sem er að mestu leyti í fánalitunum, sýnir samtöðu og gleði þjóðarinnar við þetta tækifæri.

Um 30.000 manns söfnuðust saman við Arnarhól til að taka á móti íslenska handbolta-landslíðinu og fagna Olympiu-silfrinu.



Umhverfismynd ársins

Ljósmyndari:
Vera Pálsdóttir



Álit dómnefndar:

Eins og nafn myndarinnar gefur til kynna, sýnir hún nærmynd af brennisóley með himinn og sólargeisla í bakgrunni. Myndin virkaði á dómnefndina eins og bjart-sýnisskot. Gulir litirnir og sólargeislarnir í myndinni fylla áhorfandann af von um betri tíð.

Brennisóley.

Tímaritamynd ársins/ samsett mynd ársins



Álit dómnefndar:

Tímaritamynd ársins er full af tjáningu, mýkt og fegurð. Kvenleg mynd sem heillaði dómnefndina með tilgerðarleysi sínu.

Ljósmyndari:
Vera Pálsdóttir





Íþróttamynd ársins



Ljósmyndari:

Golli (Kjartan Þorbjörnsson)



Íþróttamynd ársins er góð fyrir margar sakir. Hún sýnir okkur ekki bara rétta augnablikið, heldur segir hún okkur líka mikið um stöðu kvennafótboltans á Íslandi. Á myndinni sjáum við Margréti Láru Viðarsdóttur svífandi í loftinu eftir að hafa sparkað í boltann sem er á hraðri leið út úr rammnum. Fyrir aftan hana stendur á stóru skilti „Koma svo stelpur!“ en þar fyrir aftan sjáum við tómar áhorfendastúkur. Mjög vel samsett mynd tekin á hárrétu augnabliki.



Álit dómnefndar:


Eins og styttaupinn sem heldur höndunum fyrir munninn situr Jóhann R. Benediktsson undir embættishúfunni sem brátt verður ekki lengur hans.

Ljósmyndarinn notar hér einföld tákni í umhverfi móðelsins til að segja okkur ennþá meira. Táknræn portrettmynd.

Ljósmyndari:

Július Sigurjónsson

Portrettmynd ársins



Daglegt líf



Ljósmyndari:

Golli (Kjartan Þorbjörnsson)

Það er óhætt að segja að hátíðleikinn ráði ríkjum í mynd ársins í flokknum daglegt líf. Myndin sýnir nemendur úr öðrum og þriðja bekk Landakotskóla setja upp helgi-leik í Landakotskirkju.

Álit dómnefndar:

Form og litir sem krakkarnir mynda ríma við form kirkjunnar og mynda þannig áhugverða heild. Upphafið sjónarhorn og einstaklega vel hugsaður rammi myndarinnar gerðu það að verkum að hún stóð upp úr sem mynd ársins í flokknum Daglegt líf.



Skoplegasta mynd ársins

Ljósmyndari:

Golli (Kjartan Þorbjörnsson)



Álit dómnefndar:

Hugsanlega var þetta enn eitt dæmi um mótmæli er áttu sér stað árið 2008. Alla vega eitt skoplegasta atvik síðasta árs.



Eins og skrattinn úr sauðarlegnum birtist Svarthöfði í göngu presta til kirkju á setningu prestastefnu 2008. Hvað hann vildi er ekki vitað en nærveru hans var ekki óskað.



Myndröð ársins



Ljósmyndari:
Kristinn Ingvarsson



Álit dómnefndar:

Árið 2008 er án nokkurs vafa sögulegt. 29. september til 9. október eru án nokkurs vafa sögulegir dagar. Myndaröð ársins fjallar um helstu gerendur þessara daga. Hún er samsett af einstaklega dramatískum og sterkum ljósmyndum. Þröngir rammar og samspil ljóss og skugga eru hér notuð til að koma alvarleika atburðanna á framfæri. Myndaröðin endar svo á yfirlitsmynd af Austurvelli fullum af mót-mælendum. Myndaröð Kristins Ingvarssonar um bankahrunið er myndaröð ársins.

Fengu Blaðamannaverðlaunin 2008 fyrir umfjöllun um virkjunarkosti á Íslandi:

Myndir séu meira en skraut og litur

– segja Morgunblaðsmennirnir Öundur Páll Ragnarsson og Ragnar Axelsson

„Við lifum á tímum ljósmyndanna sem skipta afar miklu máli í dagblöðum nú sem endranær. Og myndum þarf að gefa slíkt rými að þær séu meira en skraut eða litur á síðunni. Myndin þarf að vera stór svo með henni megi segja minnst hálfu fréttina. Allir vilja geta sagt söguna í myndum. Það liggur til dæmis í augum uppi að hefðu verið komnar ljósmyndir á tímum Jesús Krists væri áreiðanlega mynd af frelsaranum í Biblíunni,“ segir Ragnar Axelsson ljósmyndari Morgunblaðsins.

Íslensku blaðamannaverðlaunin fyrir árið 2008 voru afhent í febrúar. Verðlaun fyrir rannsóknarblaðamennsku fékk Sigurjón M. Egilsson sem í Mannlífi og á Bylgjunni fjallaði ítarlega um íslenskt efnahagsástand. Blaðamannaverðlaun ársins fékk Þóra Kristín Ásgeirsdóttir fyrir sjónarvarpsfréttir á netmiðlinum Mbl.is „... þar sem hún nálgast frumlega málefni líðandi stundar,“ eins og dómnefnd komst að orði. Besta umfjöllun ársins var að mati dómnefndar greinaflokkur þeirra Ragnars Axelssonar og Öundar Páls Ragnarssonar blaðamanns sem birtist sl. haust og bar yfirskriftina Hvar á að virkja? Þar var fjallað um virkjunarkosti á Íslandi. Dregnir voru fram með öflugri samtönnun texta og mynda kostir og gallar hvers virkjunarkosts um sig og málið sett í skipulagt samhengi.

Sjónrænt og rökrænt

Um greinarnar sagði dómnefnd að almenningi væri mikilvægt að geta með heildstæðum hætti vegið og metið hvaða virkjunarkostir væru fyrir hendi.



Öundur Páll Ragnarsson blaðamaður og Ragnar Axelsson ljósmyndari. Greinaflokkur þeirra um virkjunarkosti sem birtist á haustmánuðum vakti athygli, þar sem samspil mynda og texta setti umfjöllunarefni í skipulegt samhengi.

Koma þyrfti til skila „bæði sjónrænum upplýsingum sem tengjast náttúrunni og gildi hennar og rökrænum upplýsingum sem tengjast hagkvæmni og hagsmunum.“ Þetta sé ekki gert nema með náinni samvinnu blaðamanns og ljósmyndara – eins og í tilviki þeirra Ragnars og Önundar Páls sem hafi skilað umfjöllun í sérflokki.

Að fjalla heildstætt um alla virkjunarkosti á landinu í einum greinaflokki var hugmynd Ragnars Axelssonar. Hann reifaði málið fyrir nokkrum misserum meðal samverkafólks síns á Morgunblaðinu en þá komst málið ekki í framkvæmd. Þegar Ólafur Þ. Stephensen tók við ritstjórn blaðsins síðasta sumar komst málið í deiglu aftur og þegar kom fram í september var að frumkvæði ritstjórans ákveðið að láta arka að auðnu. Önundi Páli var falið málið. Hann byrjaði á því að setja saman lista yfir alla virkjunarkosti á landinu og í framhaldinu var Ragnar gerður út af örkinni til að afla ljósmynda.

Stóð við stóra landakortið

„Ég safnaði saman upplýsingum um virkjunarkosti meðal annars úr sva-nefndri Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma en einnig með því að leita til Orkustofnunar, Íslenskra orkurannsóknar og orkufyrirtækja, landeigenda og annara sem að málum koma. Annars unnum við þannig að ég sat hér inni á blaði við heimilda-öflun og skriftir og stóð svo löngum stundum við stóra landakortið hér á ritstjórninni til að átta mig á staðháttum. Síðan töluðum við Raxi sem var úti á landi að mynda saman í síma nokkrum sinnum á dag. Þá sagði ég honum hvar ég væri á vegi staddur í skrifunum og þyrfti myndir af þessum stað og hinum. Raxi mat algerlega hvernig ætti að ljósmynda hlutina en mín aðkoma að myndunum sjálfum fólst frekar í því að velja og hafna eftir á í samvinnu við hann, hverjar yrðu hafðar með og hverjar ekki. Með þessu vona ég að okkur hafi tekist að koma með gott yfirlit yfir alla virkjunarkosti og fjalla um málin með hlutlausum hætti,“ segir Önundur Páll


sem bætir við að samantekin hafi reynt stærra verkefni og tímafrekarar en ætlað var í fyrstu. Því var birtingu frestað um tvær vikur frá því sem upphaflega áætlað var sem hafi verið giftudrjúg ákvörðun og skilað betri greinum.

„Mér er hins vegar til efs að þó við hefðum gefið okkur lengri tíma en þessar tvær viðbótarvikur í þetta hefði útkoman orðið betri. Stundum verður einfaldlega að gefa sér afmarkaðan tíma og vinna samkvæmt því enda þótt rýmri tími skili alla jafna betri umfjöllun. Reyndar vorum við aðeins tilbúnir með þrjár fyrstu greinarnar þegar sú fyrst birtist, hinum gegnum við frá nánast frá degi til dags. Ég fann mjög greinilega bæði í efnisöfluninni og eins þegar greinar fóru að birtast að talsmönnum orkufyrirtækjanna og ýmsum fleirum var mjög í mun að ákveðnum atriðum væri haldið til haga. Menn voru þó ekki að reyna að hafa áhrif á efnistökin, en voru einfaldlega varfærnir og vildu vandaða umfjöllun.“

Ók og flaug

Allir lesendur Morgunblaðsins þekka ljósmyndir Ragnars Axelssonar sem hefur verið á ferðinni fyrir blaðið um landið þvert og endilangt í meira en þrjátíu ár. Þannig hefur hann safnað myndum af mörgu merkilegu sem nýtist við ýmsa umfjöllun en þegar fjalla skal um málin heildstætt í heilum greinaflokki er nauðsynlegt að afla nýs myndefnis. Og það gerði Ragnar. Þegar fyrir lá samkvæmt lista Önundar Páls hverjir væru virkjunarkostir landsins fór Ragnar af stað í myndatökur og ók hringinn í kringum landið. Fór meðal annars um allt NA-horn landsins, inn-sveitir í Skagafirði, norður á Strandir og vestur í Arnarfjörð, þar sem er fossinn Dynjandi, en nefnt hefur verið að nýta að nokkru leyti vatnið frá Glámu í virkjun í Ísafjarðardjúpi sem þýða myndi að vatn í fossinum yrði minna en nú.

„Alls ók ég nokkuð á þriðja þúsund kílómetra vegna þessa verkefnis og fór í flugferðir meðal annars upp með allri neðanverðri Þjórsá og inn að Sandvatni við Langjökul. Ætlaði mér reyndar að





Hvalárfoss í Ófeigsfirði, en um hann var fjallað í tengslum við hugsanlega Hvalárvirkjun.

fjúga vestur en leiðinlegt veður kom í veg fyrir það," segir Ragnar sem telur þetta allt hafa verið fyrirhafnarinnar virði. Góðar myndir séu nauðsynlegar, svo segja megi söguna og upplýsa þjóðina sem sé sér metnaðarmál.

Ásakaður um falsanir

„Því miður hefur síðustu árin verið mjög rík tilhneiging til þess að reyna að leggja stein í götu fjölmiðlamanna og stoppa af umfjöllun séu hagsmunir í húfi," segir Ragnar.

„Þessu kynntist ég þegar ég fór um austanvert hálendið í myndatökur á Eyjabökkum og Kárahnjúkasvæðinu. Myndir þaðan vöktu mikla athygli og sterk viðbrögð, til að mynda meðal ýmissa málsmetandi manna á Austurlandi sem sögðu mig falsa myndir og hafa rangt við. Þetta sárnaði mér og eins

þegar ýmis smámenni fóru af stað með hótanir sem urðu þó ekki til annars en tvíefla mig. Meðal annars var fundið að því að ég tæki helst ekki myndir þarna á öræfunum nema í góðu veðri og því sýndi ég svæðið ekki í réttu ljósi. Nú er auðvitað alls

Druknaði í bankahruni

Fyrsti hluti greinaflokksins Hvar á að virkja birtist 28. september og síðasta greinin 5. október. Daginn eftir að fyrsta greinin birtist kom ríkið inn í Glitni og eignaðist 75% hlut í bankanum sem aftur hratt af stað því gjörn-

ingaveðri í fjármálalífi þjóðarinnar sem en sér ekki fyrir endann á. Segir Öundur að því hafi umfjöllunin að nokkru leyti týnst í fréttum af bankahrununu.

„Að minnsta kosti skynjaði ég strax ákveðin viðbrögð þegar fyrsta greinin kom; ég fékk tölvupósta frá ýmsum og greinarnar fengu umfjöllun á blogginu. Þegar

ríkið yfirtók Glitni fékk fólk hins vegar um nóg annað að hugsa og eins þegar neyðarlögin voru sett," segir Öundur Páll sem bætir við að þegar niðurstöður blaðamannaverðlaunanna hafi verið kunngerð hafi greinilega

„Menn voru þó ekki að reyna að hafa áhrif á efnistökin, en voru einfaldlega varfærnir og vildu vandaða umfjöllun.“

ekki í mínu valdi að stjórna veðráttunni utan hvað ég fór þarna um einnig í leiðinlegu veðri og fannst alveg jafn fallegt þarna þá og þegar sólin skein. Og alltaf gat ég náð áhugaverðum myndum.“



Hellisheiðarvirkjun í kvöldhúmi. Aðrar myndir sem þessari grein fylgja birtust í verðlaunagreinunum sem hér eru gerðar að umtals-efni.

ýmsir farið að glugga í greinarnar aftur sem séu öllum aðgengilegar á vefsetri Morgunblaðsins.

Tilfinning og nef fyrir fréttum

Önundur Páll Ragnarsson hóf feril sinn sem blaðamaður á ritstjórn Morgunblaðsins vorið 2007. Hann kveðst una starfinu vel, enda bjóði það upp á mörg tækifæri. „Ég held að fólk sé meðvitað um það á ritstjórn Morgunblaðsins, þegar fjallað er um einstök mál, að skrifa ekki bara um viðbrögð kerfisins heldur tala líka við fólkið. Hér taka menn oft dæmi af því að ef skrifað er um veika geit í Lundarreykjadal, þá hringir maður í bóndann en ekki yfirdýralækni,“ segir Önundur Páll. Í svipaðan streng tekur Ragnar

sem telur öllu skipa að blaðamenn séu heiðarlegir í sínum fréttaflutningi og hafi lifandi samband við fólkið í landinu.

„Blaðamennska snýst um að hafa nef fyrir góðum fréttum og tilfinningu fyrir því hvernig setja skuli málin fram. Ein mesta hættan sem blaðaútgáfa

„Alls ók ég nokkuð á þriðja þúsund kílómetra vegna þessa verkefnis og fór í flugferðir.“

stendur frammi fyrir er að mínu mati áhrif markaðfólks sem gefur sér ákveðnar forsendur og kannar út frá því viðhorf lesenda til þess hvernig

blöð skuli vera. Markaðs- og auglýsingafólk gerir oft frábæra hluti og kann margt. Það er hins vegar hættu uppi þegar það reynir í krafti kannana að hafa áhrif á ritstjórnarefni og breyta markaðri stefnu góðra blaðamanna sem hafa þessa næmu tilfinningu fyrir því hvernig blöð skuli vera. Stefna markaðsmanna er til að mynda sú að ekki megi segja frá hungursneyð í vanþróuðum löndum ef það fellur ekki inn í formúlur sýndarveruleikans. Hér verða ritstjórnar því að vera á varðbergi; segja skal sérhverja sögu eins og hún kemur fyrir og leggja þarf sömuleiðis rækt við dýpri og lengri umfjöllun um þau mál sem raunverulega snerta okkur,“ segir Ragnar Axelsson. -sbs



Aðalfundur BÍ 2009



**Miðvikudaginn 22. apríl
kl. 20:00 í Síðumúla 23**

Aðalfundur Blaðamannafélags Íslands árið 2009 verður haldinn miðvikudaginn 22. apríl nk. að Síðumúla 23, 3. hæð þar sem félagið er til húsa, og hefst fundurinn stundvíslega kl. 20:00.

Dagskrá fundarins

Venjuleg aðalfundarstörf
Skýrslur frá starfsnefndum
Kosningar*
Lagabreytingar
Önnur mál

*Framboð til formanns BÍ þarf að berast skrifstofu BÍ ekki síðar en viku fyrir boðaðan aðalfund.

**BÍ-félagar eru hvattir
til að mæta**

Franska ríkið beitir sér á fjölmiðlamarkaði



Eftir
Ásgeir Ásgeirsson

Franskir unglingar munu fá óvenjulega gjöf frá forsetahöllinni í París þegar þeir ná 18 ára aldri. Eins árs áskrift að einhverju dagblaða landsins, að eigin vali. Er það liður í aðgerðum sem Nicolas Sarkozy forseti boðaði í byrjun árs til bjargar frönskum dagblöðum. Í þeim felst m.a. að hið opinbera mun auglýsa tvöfalt meira í dagblöðum en verið hefur, eða fyrir 40 milljónir evra á ári í stað 20 milljóna. Þá segir Sarkozy sér umhugað um að auka blaðalestur ungs fólks, m.a. í þeim tilgangi að efla almenna þekkingu þess.

Franskir prentmiðlar hafa átt í miklum andröðri lengi og fjármálakreppan alþjóðlega jók á vandann ef eitthvað er. Í janúarlok hét Sarkozy útgáfufélögunum 600 milljónum evra, á níunda tug milljarða króna, úr ríkissjóði til að styrkja grundvöll þeirra. Því var fagnað af hálfu prentmiðlanna sem eru einhverjir þeir óarðbærustu í Evrópu. Dregið hefur úr lausasölu þar sem blaðsölustöðum hefur fækkað og lestur franskra dagblaða hefur minnkað jafnt og þétt; bæði vegna fríblaða og fréttamiðla á netinu. Minni blaðalestur hefur svo leitt til fækkunar auglýsinga

í blöðunum. Það gefur vissa mynd af vandanum, að samanlögð heildarvelta frönsku dagblaðanna lækkaði úr 1.145 milljörðum evra árið 2000 í 848 milljarða evra í fyrra.

Dvínandi traust

Þessu til viðbótar hefur traust almennings til fjölmiðla sjaldnast mælst minna. Þykja tók stjórnámálanna á fjölmiðlum ráða þar einhverju um en þeir þykja eiga full greiðan aðgang að ritstjórnarskrifstofum blaða og skrifi jafnvel viðtöl við sjálfa sig. Ekki hefur bætt úr skák, að voldugir auðkýfingar, sem teljast til nánasta vinarhóps Sarkozy, eiga marga af helstu prentmiðlum landsins og sjónvarpsstöðvar. Af þessum sökum ríkja efasemdir um ritstjórnarlegt sjálfstæði blaðanna. Í nýlegri könnun sögðust 57% Frakka hafa það á tilfinningunni, að blaðamenn væru ekki frjálsir af stjórnámálaflokkunum.

Er hann skýrði frá styrktarákvörðun sinni hvatti forsetinn dagblöðin til að bæta efnistöð, laða að unga lesendur og skera upp reksturinn svo arðbær yrði. Gegn því fengju dagblöðin 600 milljóna evra ríkisaðstoð á næstu þremur árum. Kemur það til viðbótar um 1,5 milljarða evra beinum eða óbeinum árlegum opinberum stuðningi sem prentmiðlar hafa notið. Sá stuðningur einn og sér hefur numið um tíund veltu þeirra. Sarkozy segir fjölmiðlun eins og hverja aðra iðnstarfsemi sem á aðstoð þurfi að halda í miklum andbyr.

Gjafaáskrift til ungmenna

„Þeir sem tileinka sér blaðalestur gera það mjög ungir,“ sagði forsetinn um

eins árs gjafaáskrift að dagblaði til 18 ára ungmenna í boði Elyseehallar. Liður í aðgerðum hans er að lækka launatengd gjöld útgáfufélaganna. Einnig boðaði hann undanþágur frá sköttum vegna fjárfestinga í netfréttamiðlun. Og hét því að ríkið myndi auglýsa tvöfalt meira í dagblöðum og netfréttamiðlum en verið hefur. Ennfremur, að ákvæðum laga um eignarhald á fjölmiðlum yrði breytt til að gera fjárfestum utan Evrópusambandsríkja kleift að eignast stærri hlut í frönskum prentmiðlum, en hann er nú takmarkaður við 20%.

Frönsk dagblöð eru að langmestu leyti seld í lausasölu, í sérstökum sölu-skúrum eða sérhæfðum verslunum sem lúta ströngum reglum. Blaðsölustöðum af því tagi hefur fækkað en Sarkozy hét því að þeim myndi fjölga með lagabreytingum er losa myndu um stífa miðstýringu þeirra. Segir ritstjóri *Le Monde*, Eric Fottorino, að Sarkozy verði að auðvelda almenningi að „finna“ blað til að kaupa, blaðsölustaðir væru ónógir.

Og til að hvetja til aukinna áskrifta yrði blaðadreifing heim til fólks styrkt sérstaklega. Mun ríkið auka niðurgreiðslu dreifingarkostnaðar blaða og tímarita úr 8 milljónum evra á ári í 70 milljónir evra. Með því segir Sarkozy að skapa megi sem svarar 18.000 störfum við blaðadreifingu. Og til að halda dreifingarkostnaði útgáfufélaga enn frekar niðri hefur forsetinn lagt eins árs bann við hækkunum pósthvir-tækja á blaðburðargjöldum.

Rekstrarvandinn

Sérfræðingar segja einn helsta rekstrarvanda prentmiðlanna mörg undan-

farin ár vera tangarhald stéttarfélagsins Le Livre, sem kommúnistar ráða, á prentiðnaðinum. Þar sé stífum vinnu-tímareglum beitt og ríghaldið í réttindi sem úrelt megi teljast. Sarkozy boðar aðkomu ríkisins að samningum við samtök prentara í þeim tilgangi að lækka prentkostnað blaðanna. Segir hann að með tæknivæðingu prentsmiðja og breyttu vinnufyrirkomulagi megi lækka prentkostnað um 30-40%. Tekur hann sem dæmi, að það kosti 1.661 evru að prenta 30.000 eintök af *International Herald Tribune* í Frankfurt, 2.334 evrur á Spáni en 3.854 evrur í Frakklandi, eða rúmlega tvöfalt meira en í Frankfurt.

Laurent Joffrin, ritstjóri vinstrablaðsins *Liberation*, hefur hingað til gagnrýnt Sarkozy og sakað hann um tilburði til að takmarka frelsi fjölmiðla. Nýju aðgerðir forsetans til styrktar prentmiðlunum segir hann hins vegar „skynsamlegar“. Til þeirra grípur hann samkvæmt ráðleggingum sérfræðinga sem hann skipaði í vinnuhóp til að gera úttekt á stöðu prentmiðlunar og starfsumhverfi hennar.



Nicolas Sarkozy forseti Frakklands.

Lítill blaðalestur

Frakkar, næst fjölmennasta þjóðin í ESB, lesa færri dagblöð en nágrannar þeirra. Að meðaltali eru seld 155 blöð á hverja 1.000 íbúa í Frakklandi. Á þann mælikvarða blaðalesturs eru Frakkar í aðeins 20. sæti í Evrópu, að sögn vinnuhóps Sarkozy.

Alls munu átta milljónir dagblaða vera seld dag hvern í Frakklandi. Til



Frönsk stjórnvöld munu bjóða öllum 18 ára ungmönnum í landinu upp á áskrift að dagblaði.

samanburðar er blaðadreifing í Þýskalandi þrefalt meiri. Og tvöfalt meiri í Bretlandi en þjóðirnar eru álíka fjölmennar, ríflega 60 milljónir. Breytingin er mikil á tæpri öld, því við upphaf fyrra stríðsins, 1914, var lestur dagblaða mun meiri í Frakklandi en Bretlandi. Er Frakkar losnuðu úr herkví nasista árið 1944, í seinna stríðinu, var 90% prentmiðlanna frönsku upprættur undir því yfirskeyni að þeir hefðu átt samvinnu við þýsku innrásarherina. Ný blöð fundu ekki frjósaman jarðveg hjá lesendum vegna pólitískrar þráhyggju. Auk þess voru þau meira og minna ríkisrekin og höfðu fyrst og fremst til elítunnar.

Af þeim sökum nýtur ekkert landsmálblað mikilla vinsælda hvað útbreiðslu varðar. Eins og t.d. *Sun* í Bretlandi og *Bild* í Þýskalandi. Mest selda dagblaðið er ípróttblaðið *L'Equipe*. Vegna viðbótarvanda af völdum bankakreppunnar hafa landsmálablöð á borð við *Liberation*, *Le Figaro* og *Le Monde* neyðst til að draga saman seglin og segja upp starfsfólki. Svæðisbundin blöð seljast mun betur landsmálablöðin. Til að mynda eru kaupendur að *Ouest-France*, sem er með höfuðstöðvar í Rennes á Bretaníuskaga, rúmlega 800.000 dag hvern. Útgáfa helgarblaða þykir vanþróuð og hafa vikublöð að verulegu leyti fyllt þeirra skarð.

Öflug dagblöð nauðsynleg

Sarkozy sagði að með engu mætti túlka ríkisaðstoðina við prentmiðlana sem tilræði við fjölmiðlafrelsi. Ríkið hefði þvert á móti ávinning af því að prentmiðlar blómstruðu og þær skyldur, að sjá til þess að óháðir og frjálsir fjölbreyttir fjölmiðlar gætu lifað.

Án góðrar afkomu á grundvelli skynsamlegs reksturs myndu frjálsir og óháðir prentmiðlar deyja út, sagði forsetinn. Öflug dagblöð sem höfðuðu til fjöldans væru lýðræðinu lífsnauðsyn, bætti hann við.

Auglýsingabann á ljósvaka

Aðgerðir ríkisstjórnar Sarkozy í þágu prentmiðlanna koma í framhaldi af uppstokkun í útvarps- og sjónvarpsrekstri ríkisins. Til að jafna stöðu ríkisrekinnna miðla og einkastöðva var tekið fyrir auglýsingar í dagskrá frönsku ríkismiðlanna eftir klukkan 20 frá áramótum. Frá og með 5. janúar sl. hafa áhorfendur á fjórar helstu sjónvarpsstöðvar franska ríkisins notið dagskrárinna á besta tíma án auglýsinga. Með lögum, sem samþykkt voru í desember sl. í neðri deild þingsins með 293 atkvæðum gegn 242, var auglýsingum útrýmt úr stöðvunum eftir klukkan 20 og fram til sex að morgni næsta dags. Í janúar 2012 hverfa auglýsingar svo með öllu úr ríkisstöðvunum.

Við breytinguna í byrjun janúar færðust dagskrárlíðir eftir kvöldfréttir yfirleitt fram um 15 mínútur. Það hefur mælst misjafnlega vel fyrir því mjög stór hluti útvinnaðs fólks lýkur störfum það seint að hann missir fyrir vikið af upphafi kvölddagskrárinnar.

Fyrsta skrefið

Samkvæmt áformum stjórnar Nicolas Sarkozy forseta er auglýsingabannið upphafið að upprætingu allra auglýsinga úr bæði sjónvarpi og útvarpi ríkisins, en þar er um að ræða mikinn fjölda stöðva. Og lögin gera ráð fyrir



Frönsk dagblöð hafa átt í erfiðleikum upp á síðkastið.

því að auglýsingarnar hverfi með öllu eftir þrjú ár, eða í ársbyrjun 2012.

Sarkozy segir þá fyrst hægt að tala um almennsjónvarp er stöðvarnar losna við auglýsingar. Þær þurfi ekki lengur að keppast við að koma sem

best út úr áhorfsmælingum til að laða að sér auglýsendur. Geti í staðinn einbeitt sér að framleiðslu gæðaefnis.

Auglýsingatekjur frönsku ríkisstöðvanna eru taldar hafa numið allt að 800 milljónum evra í fyrra, eða um helmingi veltu þeirra. Rekstrarkostnaður stöðvanna lækkar sem nemur rekstrarkostnaði auglýsingadeilda stöðvanna. Það sem á vantar, um 450 milljónir evra á ári, heitir ríkið að leggja stöðvunum til.

Það verður ekki gert með hækkan gjalda á heimilin, áskriftargjald þeirra hækkar t.a.m. aðeins úr 116 evrum á ári í 118, eða um aðeins tvær evrur. Ríkisstöðvarnar verða hins vegar fjármagnaðar með 1,5-3,0% skatti á auglýsingatekjur einkastöðvanna, prósentan fer eftir rekstrarafkomu þeirra hverju sinni, og hins vegar með sérstökum 0,9% skatti á tekjur netþjónustufyrirtækja og farsímafyrirtækja. Það hefur mælst illa fyrir hjá framkvæmdastjórn ESB.

Einkastöðvum fært fjármagn?


Andstæðingar Sarkozy segja gjörðir stjórnar hans eiga einungis eftir að valda því að stöðvarnar svelti fjárhagslega. Með þeim færi hann og einkastöðvum auglýsingafé á silfurfati, ekki síst TF1, stærstu og vinsælustu stöð Frakklands, en hún er í eigu náns vinar forsetans.

Sarkozy hefur ekki látið við það sitja að uppræta auglýsingar í ríkisstöðvum. Hann boðaði einnig áform um að sameina í eina ofurstöð í anda BBC World Service fréttasjónvarpið France 24, sem sendir út allan sólarhringinn gegnum gervihnött, alþjóðlegu stöðina TV5Monde og útvarpsstöðina Radio France Internationale. Það er ekki orðið að veruleika sem stendur.

Segja má, að Sarkozy fari troðnar slóðir, því flestir forsetar fimmta lýðveldisins hafa stokkað upp útvarpslögin. Charles de Gaulle ruddi brautina 1959 er hann skóp ríkisráðgjafi ORTF sem var fátt annað en áróðursjónvarp embættisins. Það kom síðan í hlut sósíalísta Francois Mitterrand að rjúfa einokun ríkisins á útvarpi og sjónvarpi árið 1982.



Franskir sjónvarpsáhorfendur geta nú horft á auglýsingalaust ríkissjónvarp á kvöldin.



Endurmenntunar- og háskólasjóður blaðamanna

Námsstyrkir

sumar/haust 2009

Stjórn Endurmenntunar- og háskólasjóðs Blaðamannafélags Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum, vegna lengra eða skemmra námsfastráðinna félaga í BÍ á tímabilinu

júlí-deseember 2009

Umsóknum skal skilað ekki síðar en

14. apríl nk. til skrifstofu BÍ. Hægt er að sækja um á heimasíðunni www.press.is eða með því að senda tölvupóst á bi@press.is

Námskeið sem koma til greina við úthlutun styrkja eru m.a.:

- Nám við háskóla á Íslandi
- Annað lengra nám hérlendis
- Endurmenntun í erlendum skólum s.s. hjá NJC í Árósum
- Önnur sérstök námskeið erlendis

Styrkir vegna styttri námskeiða hér heima eru greiddir á skrifstofu BÍ að námi loknu gegn framvísun reiknings fyrir þáttökugjöldum.

Munið að umsóknarfrestur er til 14. apríl

Fjölmíðlar brugðust – og hvað svo?



Eftir hrun er í tísku að skamma fjölmiðla. Þeir eru sagðir hafa brugðist lýðræðinu. Jafnvel gengur þetta svo langt að kenna þeim um bankahrunið. Ný skoðanakönnun sýnir að sjö prósent þjóðarinnar telji hrunið beinlínis fjölmiðlum að kenna.

En nú er kominn tími til að snúa blaðinu við – algjörlega. Það er ágætt að skamma fréttamenn og fjölmiðla. En ábyrgðin liggur víðar og ef ekkert verður gert og það fljótt, þá verða fljótlega fáir eftir til að skamma og fjölmiðlar sem fjórða vald – heyra sögunni til. Ætli ekki láti nærri að blaðamönnum hafi fækkað um 40 prósent eftir hrun, þótt nú séu nokkrir þeirra orðnir netfréttamenn með ólíkar hagsmunatengingar.

Fjölmiðlum hefur síðustu ár verið ýtt í átt að andlegu og fjárhagslegu gjaldproti. Lýðræðisleg umræða er í erfiðri stöðu til að færast nær sannleikanum eftir hrun, af því að fjárhagur fjölmiðla hrundi eins og annað. Stéttin tvístrast og reynir að lifa af í ólíkindaheimi. Og nú dugar ekki lengur að segja að fréttamenn séu ömurlegar valdasleikjur. Starfsumhverfið þeirra

er algjörlega óviðunandi og það verður að laga, ef fólk er ekki sama um lýðræðislega umræðu.

Á Íslandi er þjóðfélagsumræðunni stýrt af markaðnum og eigendum sem hafa viljað eiga og reka fjölmiðla. Meira eða minna hafa þeir gert það með tapi og ríkið hefur ekkert skipt sér af því, nema með því að reka sitt Ríkisútvarp við misjafnar undirtektir.

verðum tímum þykir ástæða til að efla stuðning á ný.

Þegar rauðgræn ríkisstjórn Noregs sem nú situr tók við var því lofað að bæta við fjölmiðlastyrkina á kjörtímabilinu 2005 til 9. Það hefur enn ekki gerst, en hækkun er boðuð í vor. Og ástæðan er fjármálakreppan. Styrkirnir eiga að koma til góða dagblöðum sem standa höllum fæti.

Blaðastyrkir hafa verið við lýði í Noregi í áratugi

Í Noregi er þessu allt öðru vísi farið. Þar hefur verið til fyrirbæri sem heitir PRESSESTÖTTE í fjörutíu ár. Þetta er opinber fjölmiðlastyrkur sem stofnað var til í þágu lýðræðislegrar umræðu í landinu. Verkalýðshreyfingin, arbeidernes landsorganisasjon, og Verkamannaflokkurinn komu þessum stuðningi á í sameiningu. Verkamannaflokkurinn hefur margsinnis síðan lagt til hækkun opinberra fjölmiðlastyrkja. Og þeir hafa líka stundum hækkað. Reyndar ekki í mörg ár, en á viðsjár-

Sterk hættumerki í blaðaútgáfu

Norsk blöð hafa næstum öll verið rekin með tapi síðustu ár og þurft að draga saman seglin, enda hefur lestur þeirra minnkað ár frá ári og færst yfir á netið. Blaðabransinn hefur síðastliðið ár barist fyrir því að að framleiðslustyrkir til dagblaða yrðu jafnháir að raunvirði og þeir voru snemma á tíunda áratug síðustu aldar. Þeim til vonbrigða varð ekkert úr því í góðærinu, en nú snýst dæmið við, af því að stærstu launþegasamtök landsins og stærsti stjórnvaldaflokkur landsins telja þörf á því að styðja við lýðræðislega umræðu, einmitt þegar kreppir að.



Launþegasamtökin LO, sem er ASÍ norðmanna hefur sérstaka fjölmiðladeild Arbeidernes Presseforbund sem er 100 ára um þessar mundir og búist er við því að forseti Launþegasamtakanna leggi fram tillögu á næsta ársfundi um aukinn fjölmiðlastyrk.

Sá sem er minni á markaðnum fær styrkinn

Viðtækur vilji er til þess í Noregi að koma í veg fyrir blaðadauða og að sterkasta blaðið á hverjum stað einoki markaðinn. Og það er einmitt þannig sem norsk fjölmiðlastyrkurinn hefur virkað. Honum hefur verið ætlað að tryggja fjölbreytni, lýðræðisins vegna. Þess vegna er nú talið nauðsynlegt að tryggja með ríkisstyrk að blöð sem standa höllum fæti á erfiðum auglýsingamarkaði fari ekki á hausinn, og geri þau það, þá sé hægt að koma á fót nýju blaði á skömmum tíma. En í Noregi hefur fjöldahreyfing verkamanna átt og gefið út blað í öllum landshornum og nánast í hverjum bæ. Og í dag er staðan þannig að LO og aðildarfélag sambandsins eiga 48,2 prósent af A-pressen, sem þessi blöð hafa verið kölluð. Í stærstu borgum Noregs hafa þessi blöð oftast nær ekki verið yfirburðablöð á markaði, heldur minniháttar, sums staðar blað númer tvö og í Ósló hefur verkamanna blaðið verið neðar á lista, en borgaraleg blöð átt efsta sætið. Afkoma beggja hefur verið tryggð, með því að í þeim byggðarlögum þar sem borgaralegu miðlarnir eru ráðandi fær verkamannapressan stuðning, en öfugt þar sem hægri miðlarnir eru í minnipokahlutverki. Sé litið til minni skoðanahópa má nefna Klassekampen, kommúnískt dagblað sem ávallt hefur komið út á landsvísu þótt ekki hafi kaupendurnir alltaf verið margir, og eining þar hefur fjölmiðlastyrkur komið við sögu. Sama er að segja um kristileg dagblöð og þar fram eftir götunum. Norðmenn vilja sem sagt fjölbreytta umræðu og telja sig þurfa að styðja við hana, í stað þess að treysta markaðnum alfarið fyrir lýðræðinu.


Ástæðan fyrir því hvernig að málum er staðið í Noregi, er sterk launþega-hreyfing, sem hefur á þennan hátt

tryggt dreifða markaðsaðild, þótt sjálf hafi hún alltaf verið mest tengd einum flokki, Verkamannaflokknum. Blöð í eigu LO og aðildarsambanda fengu 64,3 milljónir norskra króna í framleiðslustyrk í fyrra. Það er fjórðungur af heildarstyrkjum hins opinbera í Noregi til fjölmiðlaútgáfu. Þið getið rétt ímyndað ykkur ef íslenska pressan fengi þótt ekki væri nema helminginn af þessum fjórðungi, hvort ekki væri hægt að bjarga íslenskri fjölmiðlaútgáfu.

Lýðræði og hagsmunir markaðarins eiga ekki samleið

Á Íslandi er líklega ekki mjög mikið að gerast í því að rétta við fjölmiðlana og síst í því að tryggja ólíka fjölmiðla þannig að lýðræðisleg og fjölbreytt umræða eigi sér stað. Veikburða tilraunir í þá veru eru litlir netmiðlar með ólíka pólitíska stefnu. Þeir segjast allir vera algjörlega frjálsir og óháðir. Því trúir enginn, enda hafa allir stjórnendur fjölmiðla hvort sem þeir eru stórir eða smáir, einhver tengsl sem hægt er að benda á. Engin ástæða er þó til að rengja yfirlýst sjálfstæði netmiðlanna, samanborið við aðra miðla, sem eru ekki bara hugsjónatengdir, heldur hagsmunatengdir, sem er ástæðan fyrir tilvist þeirra.

Og það hefur líka sýnt sig svo ekki verður um villst að sterkustu tengslin og þau sem minnst eiga skylt við lýðræði eru markaðstengsl. Markaðurinn hefur ekki hugsjónir en styrkur hans er engu að síður mikill. Og varla trúir neinn því lengur að markaðurinn tryggi lýðræðislega umræðu á Íslandi? Hreinir markaðsfjölmiðlar geta ekki orðið varnarþing lýðræðis og fjölbreyttrar umræðu. Það er hvorki markmið þeirra né eðli.



Fjölmíðla- framtíðin og tiltrú blaðamanna



Eftir
 Birgi Guðmundsson

Rétt eins og þjóðin öll stendur nú á tímamótum vegna hruns fjármálakerfisins og þeirra gríðarlegu erfiðleika sem því tengjast, þá er ljóst að vatnaskil hafa orðið hjá íslenskum blaðamönnum og íslenskum fjölmiðlum. Hér er hugmyndin að horfa til framtíðar, en að fortíð skal hyggja er framtíð skal byggja og því edlilegt að tengja hugsanlega framtíðarmöguleika við það sem á undan er gengið.

Frá aldamótunum síðustu hefur hér staðið yfir tímabil markaðsfjölmíðlunar. Það einkennist af því að fjölmiðlarnir eru reknir sem fyrirtæki sem sérhæfa sig í framleiðslu og miðlun upplýsinga sem eru á einn eða annan hátt seldar á almennum markaði. Sjónarmiðin sem fjölmiðlunin grundvallaðist öll á eru rekstrarleg og viðtekin skoðun að viðskiptalegar forsendur þurfi að vera fyrir rekstri fjölmiðla. Vissulega hafa alltaf komið upp raddir sem fullyrða að einhver önnur sjónarmið en rekstrarleg hafi jafnframt skipt máli, s.s. tilraunir eigenda til að skapa fjölmiðlaumræðu sem væri sér hagstæð eða hagfeld með einhverjum

(hégómlegum) hætti. Vissulega má finna dæmi þar sem slíkt virðist vera tilfellið, en þó er aðaldrífkrafturinn efnahagslegur. Þetta var lengi vel góður business og ef fjölmiðlarnir skiluðu eigendum sínum einhverju öðru en beinhörðum peningum í arð, – t.d. frægð – þá má kannski segja að það hafi verið „óefnislegur arður“ sem síðan mátti meta til fjár!

Um nokkurra ára skeið var mikill vöxtur í fjölmiðluninni; jafnt í prentmiðlun, ljósvakamiðlun og í nýmiðlun. Samhliða varð náttúrulega líka stafræna byltingin sem jók enn á möguleikann til vaxtar og magnaukningar og kannski fjölbreytni. Þetta birtist m.a. í lengri útsendingartíma ljósvakans og fleiri stöðvum og og meiri dreifingu dagblaða og aukinnar útgáfu, sem m.a. tók á sig mynd fríblaða. Að sumu leyti var þetta blómatími í fjölmiðlun og það voru gerðar ýmsar tilraunir í fréttamennsku. Raunar man ég eftir því að hafa á pressukvöldi Blaðamannafélagsins fyrir 5 árum varað við því að menn gleymdu sér í þessum uppgangi öllum, því magn væri ekki það sama og gæði. Alltaf væri hætta á að í værukærð velsældarinnar yrði slakað á faglegum kröfum og faglegum metnaði. Að það gleymdist að blaðamennskan á sér ákveðin grundvallargildi sem felast í því að trúnaður blaðamanna er fyrst við lesendur og almennung en aðeins í öðru lagi við vinnuveitanda eða útgefanda. Nú stend ég mig að því að endurtaka mig eins og Kato gamli forðum, nema að nú er tilefnið þveröfugt: Þá hafði ég áhyggjur af allsnægtunum, en nú hef ég áhyggjur af skortinum.

Fjölmíðlarnir á tímaskeiði markaðsfjölmíðlunar, – líka RÚV þrátt fyrir nokkra sérstöðu – eru berskjaldaðir fyrir efnahagssveiflum enda eru þeir í raun mikilvægur hluti af markaðssamfélaginu. Fjölmíðlarnir eru einfaldlega fyrirtæki sem lúta lögmálum rekstrar, eins og önnur fyrirtæki. Hins vegar vitum við að samfélagsleg ábyrgð fjölmiðlanna er miklu meiri en flestra annarra fyrirtækja, því sjálft samfélagskerfi lýðræðisins, byggir á fjölmiðlum og edlilegri starfsemi þeirra. Fjölmíðlarnir eru upplýsingakerfi lýðræðisins. Almennungur getur ekki uppfyllt sínar borgaralegu skyldu um að taka upplýsta ákvörðun um stjórn landsins, ef hann hefur ekki möguleika á upplýsingum. Og hvers virði er borgarlegt lýðræði ef borgararnir hafa ekki forsendur til að taka ákvarðanir? Ég dreg þetta fram hér til að undirstrika að hér er verið að fjalla um mjög mikilvæga hluti. Stjórnvöld og almennungur virðist tilbúinn til að ganga langt til að bjarga efnahagskerfi lýðræðisins, en hvað eru menn tilbúin til að gera til að bjarga upplýsingakerfi lýðræðisins?

Hver er þá staðan í dag, staðan sem framtíðin byggir á?

Ein helsta tekjulind fjölmiðlanna, auglýsingarnar, hefur snarlega dregist saman, um tugi prósentustiga það sem af er þessu ári.

Prentmiðlamarkaðurinn er allur í upp-námi, nýbúið að afskrifa 3 milljarða í skuld hjá Mogga og nýir aðilar að taka við í mikilli óvissu. Fréttablaðið er að ganga í gegnum miklar þrengingar og alls staðar eru skuldarnar gríðarlegar.

Ljósvakamegin er RÚV nýbúið að fá breyttan og aukinn tekjustofn sem virðist þó ætla að duga skammt. Fjölmíðlafyrirtækið 365 er gríðarlega skuldsett og þarf að glíma við mikinn samdrátt í auglýsingum og verðfall eins og hinir ljósvakamiðlarnir. Skjárinn er í sömu stöðu nema e.t.v. verri, því þar eru engar áskriftartekjur að hlaupa upp á. Nýir sjálfstæðir netmiðlar hafa hins vegar verið að skjóta upp kollinum, nú síðast netmiðillinn Pressan. Á þessari tegund fjölmíðla er um eins konar einrykjabúskap að ræða, þar sem nokkrir litlir aðilar taka sig saman og spurning hversu umfangsmikil og öflug slík fjölmíðlun getur orðið þegar á heildarfjölmíðlaumhverfið er litið.

Það sé engin ástæða til að ætla að ástandið gjörbreytist næstu eitt til tvö árin og gera verður ráð fyrir að eftir að þessu þrengingartímabili lýkur verði fjölmíðlalandslagið orðið talsvert breytt. Framtíðin gæti þróast á að minnsta kosti þrjú mismunandi vegu:

Framtíð 1. Víðtækt sameining og fáir en stórir miðlar: Hugsanlegt er að hér stæðu uppi tvær sjónvarpsstöðvar, RÚV og Einkasjónvarpið (Skjárinn og 365) sem sendi út á mörgum rásum með stafrænni tækni. Þá yrði eftir ein stór dagblaðaútgáfa og önnur eða aðrar minni. Stóra útgáfan gæti orðið einhvers konar samkrull úr Fréttablaði og Mogga þar sem gerð yrði önnur samstarfs- eða sameiningartilraun. Ekki er ólíklegt að slíkt samstarf yrði keyrt í gegn á grundvelli prentunar og dreifingar.

Netmiðlar yrðu reknir í tengslum við stóru miðlana, en jafnframt myndu sjálfstæðir netmiðlar að reyna að búa til einhverja reglu úr kaótískum blogg- og fésbókarheimi.

Framtíð 2: Fjölbreytt flóra án fjölmíðlarisa: Verði það niðurstaðan að stjórnvöld setji hér fjölmíðlalög, sem takmarki eignarhald og tryggi jafnframt stuðning við fjölmíðla í leiðinni, gæti skapast fjölbreytt fjölmíðlafiúra í landinu. Þá yrði hins vegar illmögulegt að reka miðlana á grundvelli ýtrustu hugmyndafræði markaðshyggju þannig að fram næðist hámarks hagræðing og reksturinn yrði trúlega ekki eins hagkvæmur og hann hugsanlega annars gæti orðið. En stjórnvöld myndu þá væntanlega

tryggja slíkan rekstur með einhvers konar ívilnunum og jafnvel beinum styrkjum. Þetta er þekkt víða um lönd, ekki síst á Norðurlöndum og því má bæta við að hægrimaðurinn Sarkozy í Frakklandi hefur einmitt sett af stað umfangsmikið prógram til styrktar þarlendum fjölmíðlum.

Framtíð 3. Einhvers konar sam-bland: Í þessu tilfalli má gera ráð fyrir einhvers konar inngripi frá ríkisvaldinu þar sem settar yrðu reglur sem dygðu til að halda einkareknu fjölmíðlunum á floti – t.d. með því að skerða tekjur RÚV á auglýsingamarkaði eins og boðað hefur verið. Samhliða myndi þetta fela í sér massívan niðurskurð og hagræðingu á miðlunum sjálfum þannig að sáralítið svigrúm yrði fyrir hendi til að gera stóra hluti í dagskrárgerð eða ritstjórnarefni. Hugsanlega kæmi til einhvers sameiningar miðla, en þó ekki til að breyta landslaginu í grundvallaratriðum.

Allar þessar leiðir hafa bæði kosti og galla og myndu þjóna upplýsingakerfi lýðræðisins misjafnlega vel. Persónulega hugnast mér best ef framtíðin yrði sem líkust „Framtíð 2“ hér að framan, þ.e. að fjölmíðlageirinn yrði ekki endilega stórbusiness, en sæmilega fjölbreyttur og öruggur. Því miður eru hinar leiðirnar, þessi númer 1 eða númer 3 þó líklegri.

En þrátt fyrir að fjölmíðlafyrirtækin skipti vissulega máli, þá skiptir meira máli hvernig framtíð blaðamenskunnar þróast, hver framtíð blaðamanna sem fagstéttar verður. Mun blaðamannastéttin og hennar gildi sogast inn í hringuðu markaðsbúskapar og fjölmíðlarekstrar þannig að blaðamennskan verði beinlínis fall af efnahagsþróuninni? Blaðamennska og blaðamenn verði í raun til sölu hæstbjóðendum? Slíkt væri í raun ekki fagleg blaðamennska – slíkt væri handverk. Það er mikilvægur munur á handverki og fagi – („craft“ og „profession“).

Sorglegast væri því ef efnahagshrunið tæki blaðamenskuna með sér í fallinu. Tæknin og netvæðingin hefur vissulega skapað ný tækifæri og nýjar fjölmíðlagattir og þröskuldurinn inn í fjölmíðlarekstur hefur eitthvað lækkað. En þó er hann til staðar og getur skipt máli.

Fyrir fimm árum hafði ég áhyggjur af því að póstmóðernismi auðhyggjunnar eða afstæðishyggja velgenginnar gæti

spilt hefðbundnum gildum blaðamenskunnar. Ég hef margfalt meiri áhyggjur í dag. Hættan felst í því að blaðamenn sofni á verðinum, sem þýðir í raun að stéttin yrði að handverksmönnum markaðarins í stað þess að vera fagstétt varðhunda almennings. Það er löngu tímabært að staldra við og skoða hvert stefnir, enda eru ummerkin allt um kring þó ég sé er ekki viss um að við tökum svo vel eftir. Þeim Ef blaðamenn eru fagstétt þá hafa þeir sameiginleg viðmið og reglur og siðaboð. Það á við um lækna, presta, lögfræðinga, sálfræðinga og fleiri. Í siðareglum blaðamanna eru meira að segja ákvæði í fyrstu grein sem eiga að ýta undir og efla þessa vitund. Nú veit ég ekki með ykkur en persónulega þótti mér það umhugsunarvert og nánast óþægilegt fyrir fagstétt blaðamanna að horfa á auglýsingu frá Símanum sem sýnd er í sjónvarpi um þessar mundir. Þar komu fram gamlir fréttamenn sem áunnið hafa sér ímynd og tiltrú með því að hafa verið hluti af fagstétt blaðamanna. Nú er sú tiltrú tekin herfangi og sett í auglýsingu til að selja símapjónustu. Þar með er verið að gengisfella fagstéttina sjálfa og þá tiltrú sem hún hefur. Nú eru þessir gömlu fréttamenn vissulega ekki fréttamenn lengur og eru fyrir all nokkru farnir að selja handverk sitt á markaði sérhagsmuna. Og það er ekkert óeðlilegt eða ólöglegt við það – svo gripið sé til orðalags sem Einar Már Guðmundsson lýsti í ágætri Morgunblaðsgrein sem upphaldsviðbrögðum útrásaraðalsins við öllum athugasemdum. Enda truflar það trúlega fáa í sjálfu sér þótt nokkrir almannatenglar nái að landa góðu auglýsingaverkefni. Það er jú þeirra atvinna. Hinu velti ég fyrir mér ef starfandi blaðamenn sjálfir yppa bara öxlum og láta sér fátt um finnast þegar verið er að versla með orðspor fagstéttarinnar og tiltrú. Það fellur illa að ímynd blaðamanna um sjálfa sig sem fagstétt – því sem Þorbjörn Broddason kallaði „hinn drottandi þjón“. Verður þá ekki stökkið stutt yfir í að starfandi blaða- og fréttamenn sem nú standa frammi fyrir atvinnu- og tekjumissi drýgi tekjurnar með því að selja það sem þeir hafa – tiltrúna??? Sú tiltrú verður bara seld einu sinni.

Hæstiréttur segir blaðamann bera ábyrgð á ummælum viðmælanda:

Nýstárleg túlkun á prentlögum

– segir Arna Schram, formaður Blaðamannafélagsins

„Dómur Hæstaréttar kemur með nýstárlega túlkun á prentlögunum. Þar er blaðamaður gerður ábyrgur fyrir ummælum viðmælanda síns – sem staðfest hefur að séu rétt eftir honum höfð. Dómsátt er gerð við þann sem viðhafði ummælin en blaðamaðurinn er dæmdur til greiða háar bætur!

Héraðsdómur komst að annarri niðurstöðu en Hæstiréttur sneri því við,“ segir Arna Schram formaður Blaðamannafélags Íslands um nýlegan dóm Hæstaréttar. Áður höfðu Ásgeir Davíðsson eigandi Goldfinger í Kópavogi og lögmaður hans stefnt Björk Eidsdóttur blaðamanni og Elínu Arnardóttur ritstjóra Vikunnar og Lovísu Sigmundsdóttur sem var viðmælandi blaðsins en Lovísa starfaði áður sem nektardansmey á Goldfinger. Málinu gegn Lovísu lauk hinsvegar með sátt áður en dómur féll.

Ályktun Bí

Í ályktun sem stjórn Blaðamannafélagið samþykkti þann 11. mars síðastliðinn segir m.a. að ljóst sé „að þessi nálgun Hæstaréttar breyti(r) verulega starfsumhverfi blaðamanna og möguleikum þeirra á því að fjalla um umdeild samfélagsmál.“

Arna Schram segir þessa niðurstöðu skapa mikla óvissu og um leið dregur þetta úr hinni lýðræðislegri umræðu. Hún spyr: „Þarf ég til dæmis að fara að ritskoða viðmælendur mína



Arna Schram, formaður Blaðamannafélags Íslands.

með það í huga að það verði ekki þeir sem séu ábyrgur orða sinna heldur ég, blaðamaðurinn?“

Í þessu sambandi rifjar hún upp dæmi úr eigin starfsreynslu. „Eitt sinn tók ég frægt viðtal við Davíð Oddsson þar sem hann sagði eitthvað á þá leið að Jón Ólafsson væri mesti skattsvikari sögunnar. Í ljósi þess að Davíð var þar að saka Jón um ólögmeata hluti átti ég þá að segja?: Nei, Davíð þú getur ekki sagt þetta því ég (eða blaðið) gæti hugsanlega verið dæmd til hárra bóta vegna þessa? Auðvitað ekki. Hann hefur sitt tjáningarfrelsi. Þess má geta að ummæli Davíðs voru kærð til dómstóla en hluti þeirra var dæmdur dauður og ómerkur. Önnur ekki. Við blaðamenn eigum að sjálf-sögðu að vanda vinnu okkar og við eigum ekki að vera gagnrýnislausir.

En við verðum líka að geta fjallað um umdeild samfélagsmál og miðlað áfram ummælum sem orkað gætu tvímælis – án þess að þurfa að óttast háar fjársektir vegna ummæla sem sannanlega eru rétt eftir höfð.“

Strassborg?

Í fyrrgreindri ályktun stjórnar Blaðamannafélagsins segir að verið sé að skoða hvort efni sé til „að fara með þetta mál til Mannréttindadómstólsins í Strassborg enda brýnt að blaðamenn viti hvort það sé réttmæt niðurstaða að blaðamenn beri ábyrgð á öllu því sem viðmælendur þeirra segja,“ eins og segir í ályktuninni. Síðan hefur menntamálaráðherra í samvinnu við dómsmálaráðherra boðað endurskoðun á prentlögum til að taka á þessu atriði.

„Mér líst vel á þau áform menntamálaráðherra að breyta prentlögunum og gera þau skýrari en þau greinilega eru núna. Ég tel að það eigi að drífa þær breytingar í gegn. Algjör óþarfi er að gera það í samferð með öðrum lagabreytingum,“ segir Arna.

Hún ítrekar mikilvægi málsins og segir: „Tjáningarfrelsið er það dýrmætasta sem við eigum. Það er grundvöllur hins lýðræðislega samfélags. Við megum ekki draga tennurnar úr hinni lýðræðislegri umræðu – með því að una lagatúlkunum og dómum á borð við þann sem féll í Hæstarétti í þessu máli.“

Ýmis lagaákvæði

Ýmis lagaákvæði tengjast þessu máli, sem m.a. gera það að verkum að bein ræða höfð eftir á prenti er á ábyrgð blaðamanns en sé þessi beina ræða spiluð í ljósvakamiðli ber viðmælandi ábyrgðina.

Útvarpslög:

26. gr. Ábyrgð.

Ef útsending á útvarpsefni brýtur í bága við lög fer um refsí- og fébótaábyrgð svo sem hér segir:

- Sá sem flytur sjálfur efni í eigin nafni ber ábyrgð á því. Gildir það bæði um efni sem útvarpað er samtímis því að það er flutt og efni sem útvarpað er samkvæmt áður gerðri upptöku. Ákvæði þessarar málsgreinar taka einnig til samtals í útvarpi þannig að hver sem tekur þátt í samtali í eigin nafni ber ábyrgð á sínu framlagi í því.
- Flytjandi ber ábyrgð á efni sem annar maður hefur samið.

Prentlög:

15. gr. Um ábyrgð á efni annarra blaða eða tímarita en þeirra, er getur í 14. gr., gilda þessar reglur:

Höfundur ber refsí- og fébótaábyrgð á efni ritsins, ef hann hefur nafngreint sig og er auk þess annaðhvort heimilisfastur hér á landi, þegar ritið kemur út, eða undir íslenskri lögsögu, þegar mál er höfðað.

Ef enginn slíkur höfundur hefur nafngreint sig, ber útgefandi rits eða ritstjóri ábyrgðina, því næst sá er hefur ritið til sölu eða dreifingar, og loks sá, sem annast hefur prentun þess eða letrun.

Mannréttindasáttmáli:

10 gr. (Stjórnarskrá).

Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, **taka við og skila áfram** upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda ...



MÁLFAARSHORN

Beygingar

- Munið að beygja kvenkynsorðin:
 - Ákvörðun stjórnvalda leiðir til skipulagsbreytingar í stjórnkerfinu.
 - *Ákvörðun stjórnvalda leiðir til skipulagsbreytingu í stjórnkerfinu.
 - Við sendum boltann yfir til Þórnýjar í Efstaleiti ...
 - *Við sendum boltann yfir til Þórnýju í Efstaleiti ...

(Ath. stjórnumerka setningin er ótæk)

Röng notkun miðstigs

- Meginreglan er að með miðstigi lýsingarorða komi samanburður. Miðstig stendur ekki eitt.
 - Ekki segja: *Þetta kostar fleiri hundruð krónur.
 - Rétt er: Þetta kostar mörg hundruð krónur

- Ekki segja: *Þetta var eldri maður.
- Rétt er: Þetta var roskinn / gamall maður.
- Ekki segja: *Hann var þar í lengri tíma.
- Rétt er: Hann var þar í langan (alllangan) tíma.

(Ath. stjórnumerku setningarnar eru ótækar)

Röng notkun þolmyndar (ensk áhrif)

- *Frakkland var tekið af Þjóðverjum.
- Þjóðverjar tóku Frakkland.
- *Hér birtist mynd af mótmælagöngu sem tekin var af ljósmyndara blaðsins.
- Hér birtist mynd af mótmælagöngu sem ljósmyndari blaðsins tók.
- *Aðalhlutverkið er leikið af Ingvari Sigurðssyni.

- Ingvar Sigurðsson leikur aðalhlutverkið.

(Ath. Stjórnumerku setningarnar eru ótækar)

Enskan læðist inn

- „Í dag“ má ekki nota eins og „today“ á ensku. Rétt er að nota: Nú til dags / nú á dögum / núna.
- „Talandi um“ er enskuskið orðalag. Rétt er að nota „fyrst minnst er á“.
- Enska nafnorðaveikin: „Engin slys urðu á fólki.“ Betra að segja: „Enginn slasaðist.“
- „Á sama tíma“ er þýðing úr ensku. Betra að nota: „samstímis“ eða „jafnframt“.
- Íþróttalýsingar oft mjög enskuskiðar: „Hinn tuttugu og fimm ára gamli miðframherji skoraði sitt fyrsta mark með liðinu ...“

Myndir ársins á bók


Bókin *Myndir ársins 2008* er komin út hjá bókarforlaginu Crymogeu, en útgáfan er jafnframt styrkt af Menningarsjóði Blaðamannafélags Íslands. Bókin er gefin út í tengslum við sýningu Bládaljósmyndarafélags Íslands á bestu blaða- og tímaritaljósmyndum ársins 2008, en sú sýning stendur nú yfir í Gerðarsafni í Kópavogi. Bókin fæst í Gerðarsafni, bókaverslunum og í verslun Crymogeu, Barónsstíg 27. Hún er aðeins seld í takmörkuðu upplagi. Fullgildir félagar í Bládamannafélagi Íslands hafa fengið bókina senda sem gjöf frá Menningarsjóði.

Rétt er að geta þess að sýningin *Myndir ársins 2008* í Gerðarsafni verður opin til 3. maí næstkomandi og í ár hefur verið tekin upp sú nýbreytni að fjórir kvikmyndatökumenn taka þátt í sýningunni. Með tilkomu þeirra í Bládamannafélag Íslands kom upp sú tilgata að þeir sameinuðust ljósmyndurum á þessari árlegu sýningu og kynna þeir verk sín á sjónvarpsskjám.

Á neðri hæð Gerðarsafns eru sýndar myndir hins landskunna ljósmyndara, Jim Smart, en myndir hans eru landsmönnum að góðu kunnar úr íslenskum blöðum, sérstaklega mannamyndir hans. Sýningin ber yfirskriftina *JIM SMART Í 30 ÁR* og er hún styrkt af Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Eins og áður segir var formlegur útgáfudagur bókarinnar *Myndir ársins 2008* í gær, 18. mars. Bókarbrotið er 20,5 x 25 cm og er hún 144 blaðsíður að stærð. Leiðbeinandi verð frá útgefanda er kr. 2.888.

